

Ævar Petersen
Gaukur Hjartarson

**Vetrarfuglatalningar:
Skipulag og árangur 1987**



Desember 1989

Útgefandi: Náttúrufræðistofnun Íslands
Laugavegi 105
Pósthólf 5320
125 Reykjavík

Ritnefnd: Erling Ólafsson (ritstjóri)
Bergþór Jóhannsson
Sveinn P. Jakobsson

Kápumynd: Jón B. Hlíðberg

EFNISYFIRLIT

ÁGRIP	4
1 INNGANGUR	5
2 ÚTGÁFA TALNINGAGAGNA	5
3 BREYTINGAR Á ÞÁTTTÖKU OG SVÆÐUM SÍÐUSTU ÁR	6
4 SVÆÐASKIPTING	7
5 TALNING 1987	7
5.1 Talningasvæði	7
5.2 Veður	7
5.3 Niðurstöður	7
5.3.1 SUÐVESTURLAND: Baugsstaðir í Flóa -> Hafnir á Miðnesi	8
5.3.2 SUÐVESTURLAND: Ósar á Miðnesi -> Garðabær .	10
5.3.3 SUÐVESTURLAND: Garðabær -> Kjalarnes	12
5.3.4 SUÐVESTURLAND - MIÐ-NORÐURLAND: Hvalfjörður -> Ólafsfjörður	14
5.3.5 MIÐ-NORÐURLAND - NORÐAUSTURLAND: Dalvík -> Aðaldalur	16
5.3.6 NORÐAUSTURLAND: Aðaldalur -> Tjörnes	18
5.3.7 NORÐAUSTURLAND - AUSTURLAND: Tjörnes -> Berufjörður	20
5.3.8 AUSTURLAND - SUÐURLAND: Berufjörður -> Vestmannaeyjar	22
5.4 Umræða	24
5.4.1 Almenn umsögn	24
5.4.2 Einstakar tegundir	26
5.4.3 Ógreindir fuglar	32
6 NIÐURLAG	33
HEIMILDIR	33
SUMMARY	34
VIÐAUKI. Skrá yfir svæði sem talin voru á árunum 1972-1987	35

VETRARFUGLATALNINGAR: SKIPULAG OG ÁRANGUR 1987

Ævar Petersen
Náttúrufræðistofnun Íslands
Pósthólf 5320
125 Reykjavík

Gaukur Hjartarson
Sporðagrunni 10
104 Reykjavík

ÁGRIP

Kynntar eru niðurstöður vetrarfuglatalninga (svokallaðra "jölatalninga") 1987. Þetta var 36. árið sem slík talning fór fram á fuglum að vetrarlagi á vegum Náttúrufræðistofnunar Íslands.

Alls var talið á 82 svæðum um land allt, nema á miðhálandinu. Þetta eru fleiri svæði en talin hafa verið í nokkurri talningu hingað til.

Talningamenn voru 88, og fjöldi fugla sem sást var 135305. Alls sáust 67 tegundir, eða fleiri en nokkru sinnum áður. Algengasta tegundin var æðarfugl, 43835 fuglar, eða 32% af heildarfjölda talinna fugla.

Lítillega er rætt um útgáfu á niðurstöðum talninga almennt, en hún hefur legið niðri í u.þ.b. áratug. Einnig er gerð grein fyrir breytingum sem orðið hafa á þátttöku í jölatalningum og á svæðaskipan síðustu ár.

1 INNGANGUR

Í desember 1987 var árleg fuglatalning um jólin að vanda. Þetta var í 36. sinn sem slík talning var skipulögð á vegum Náttúrufræðistofnunar. Talningar þessar, er ganga undir heitinu "jólatalningar", hafa unnið sér fastan sess meðal fuglaskoðara. Sögulegt ágríp um þær er að finna í tímaritinu Blika, þar sem upphaf þeirra er rakið, tilgangur og annað þeim tengt (Ævar Petersen 1983).

Hér er lýst niðurstöðum jólatalningar 1987. Fyrst er lýst aðdraganda þessa rits, enda hefur niðurstöðum talninga ekki verið dreift til athugenda í mörg ár, sem er mjög bagalegt. Með þessari samantekt er ráðin bót á, jafnframt sem verið er að vinna eldri gögn til útgáfu.

Eins og talningamenn vita, hefur númerakerfi verið notað til þess að skilgreina talningasvæði. Yfirlit um kerfið var síðast tekið saman fyrir árin 1972-1982 (Ævar Petersen 1983). Síðan hafa orðið breytingar á mörkum talningasvæða og ný bæst við. Endurskoðun á númerakerfinu var því nauðsynleg.

2 ÚTGÁFA TALNINGAGAGNA

Á árunum 1972-1978 var niðurstöðum jólatalninga dreift til talningamanna (Náttúrufræðistofnun Íslands [1973a]-1979). Síðan hefur útgáfan legið niðri. Þegar byrjað var að huga að útgáfu tímaritsins Blika töldu aðstandendur þess, að ný og betri leið opnaðist til þess að koma niðurstöðum framfæri. Bliki hefur komið út frá 1983 og ljóst orðið, að ritið er óheppilegt fyrir niðurstöður jólatalninga. Ýmsar ástæður eru fyrir þessu, t.d.: (1) Niðurstöður þurfa að koma út árlega. Að jafnaði hefur Bliki komið út einu sinni á ári, útgáfa hans er tímafrek og hvert hefti á sér langan aðdraganda. Hættan er sú, að niðurstöður komi ekki reglulega út. Byrji útgáfan að dragast, þarf átak til að koma málum á réttan kjöl á ný. (2) Talningum fylgir talnaflód, sem lesendum Blika (öðrum en talningamönnum!) fyndist eflaust nóg um. Þetta á ekki síst við, þar eð langar ársskýrslur birtast þar þegar um sjaldséða fugla. Tvær ársskýrslur myndu fylla svo til eitt hefti af Blika.

Því var hætt við að birta niðurstöður jólatalninga í Blika. Þess í stað koma þær út í Fjölríti Náttúrufræðistofnunar. Hvert fjölrit inniheldur eitt efni, ekki margar greinar eins og Bliki. Þannig er unnt að haga útgáfu þess að vild, og hún þarf ekki að dragast á meðan beðið er eftir öðru efni. Þá eru heftin fjölrituð og er vinnsla þeirra styttri en fyrir Blika. Niðurstöður talninga á því að vera hægt að birta fljótt eftir að gögn hafa borist, sem er oftast innan mánaðar frá talningu.

Einn þáttur þessa máls veldur samt drætti á útgáfu niðurstaðna. Eins og flestum fuglaskoðurum er kunnugt, eru öll flækingsgögn skoðuð af hópi fuglaathugenda, áður en þau eru birt (Ævar Petersen 1984, Gunnlaugur Pétursson og Erling Ólafsson 1986). Sama máli gegnir um flækingsgögn sem sjást í jólatalningum. Önnur gögn um flækingsfugla eru hins vegar lengi að tínast frá athugendum, stundum koma þau ekki fyrr en 1-2 árum síðar, þótt margir skili af sér fljótt eftir hver áramót. Allt vafstur í kringum útgáfu ársskýrslna um

flækingsa tekur líka tíma, svo gögnin koma ekki út fyrr en löngu eftir að viðkomandi ár er liðið. Þannig kom skýrslan 1986 ekki út fyrr en á miðju ári 1989. Slíkur dráttur er jafn bagalegur, hvort sem í hlut eiga flækingsáskýrslur eða talningáskýrslur.

Í samráði við ritstjóra flækingsáskýrslna (Gunnlaug Pétursson og Erling Ólafsson) verður reynt að koma útgáfumálum flækingsáskýrslna í fastari farveg og stytta útgáfutímam. Ef vel á að vera, þarf að ganga frá athugunum á flækingsfuglum eigi síðar en haustið eftir lok viðkomandi árs. Svo þetta geti gengið eftir, þurfa fuglaskoðarar að skila athugunum á flækingsum eigi síðar en í ágúst árið eftir. Ef þetta fyrirkomulag kemst á, eiga jólatalningagögn að geta komið út fyrir næstu talningu. Í ráði er að afgreiða gögn um flækingsfugla ársins 1988 veturinn 1989/90. Jólatalningagögn fyrir 1988 gætu því líka komið út á árinu 1990, og vonandi verða útgáfumálin komin í lag frá og með talningu 1990.

3 BREYTINGAR Á ÞÁTTTÖKU OG SVÆÐUM SÍÐUSTU ÁR

Síðustu ár hefur talningasvæðum fjölgað mikið. Ástæður eru einkum tvær: (1) athugendum hefur fjölgað, og (2) sumir talningamenn telja fleiri en eitt svæði, annað hvort sama dag eða næstu daga á undan eða eftir. Ekki kemur að sök, þótt talið sé næstu daga við hinn almenna talningardag, ef svæði eru einangruð. Óæskilegt er að telja aðliggjandi svæði með margra daga millibili, enda er líklegra, að fuglar hafi fært sig milli svæða.

Sú breyting hefur líka orðið síðustu ár, að fleiri svæði en áður eru talin úr bíl en ekki gengin. Kostur við talningu úr bíl er sá, að unnt er komast yfir mun stærra svæði en á göngu. Ókostir eru þeir, að ákveðnar fuglategundir og hlutar svæða verða útundan. Talning úr bíl beinist einkum að sjó- og vatnafuglum, en land- og fjörufuglar sjást síður. Verði þessi svæði gengin seinna, þarf að skilgreina mörk þeirra á ný, gefa þeim önnur númer, enda yrðu niðurstöður aðeins að hluta til sambærilegar við fyrri gögn.

Talningasvæði hafa ætíð verið mjög misdreifð um landið, og tengist dreifing þeirra mikið staðsetningu byggðar. Vesturhluti Norðausturlands, suðvesturhornið og Vestmannaeyjar hafa lengi verið allvel könnuð en þátttaka strjalli í öðrum landshlutum.

Frá upphafi talninga 1952 til 1971 voru 72-73% talningasvæða utan Suðvesturlands. Á árunum 1972-1984 lækkaði hlutfallið og var að meðaltali 58%. Síðan hefur sú ánægjulega þróun orðið, að landsbyggðarsvæðum hefur fjölgað hlutfallslega á ný; 1985 var 61% svæða utan Suðvesturlands, 67% árið 1986 en 63% árið 1987. Þessi aukning hefur ekki orðið vegna fækkunar á talningasvæðum á suðvesturhorninu, heldur vegna þess að svæðum úti á landi hefur fjölgað. Eftirtektarvert er, hve athugendum hefur fjölgað mikið á Austurlandi, þar sem einungis fá svæði voru talin fyrir fáum árum. Fleiri liðsmenn þurfa að bætist í hópinn, einkum þar sem þátttaka er enn lítil sem engin. Talningamenn vantar á stóra hluta landsins, s.s. á Mið-Suðurlandi, Vestfjörðum, Norðurlandi vestra og austurhluta Norðausturlands.

4 SVÆÐASKIPTING

Við útgáfu talningaskýrslu 1972 (Náttúrufræðistofnun Íslands [1973b]) var reynt að staðla talningasvæði betur en áður. Þannig verða niðurstöður sambærilegri milli ára. Samtímis var tekið sérstakt númerakerfi í notkun, en skv. því skiptist landið í fimm grunnsvæði, sem eru aðgreind með tölustöfunum 0, 1, 2, 3 og 4. Einkennistala talningasvæðis er síðan mynduð af svæðisnúmeri + tveimur hlaupandi tölustöfum (01,02,...o.s.frv.). Oft er bókstaf bætt við sem fjórða staf, þegar svæði hefur breyst.

Í yfirlitsgrein um jólatalningar í Blika árið 1983 er skrá yfir talningasvæði árána 1972-1982 (Ævar Petersen 1983). Síðan hafa mörg ný svæði bæst við, og mörk nokkurra þeirra eldri hafa breyst. Númerakerfið var því tekið til endurskoðunar, og er ný svæðaskrá birt í þessu riti (sjá viðauka). Gamla skráin er jafnframt numin úr gildi. Talningamenn eru hvattir til þess að breyta ekki fyrri svæðamörkum, nema brýna nauðsyn beri til, enda fá þau nýtt númer við hverja breytingu.

5 TALNING 1987

Dagurinn 27. desember var valinn til jólatalningar 1987. Eins og ævinlega, getur veður hamlað talningu einhvers staðar á landinu þann dag, sem valinn er hverju sinni. Athugendur geta þá talið næsta hentuga dag í staðinn. Allar talningar sem getið er hér á eftir fóru fram 27. desember, nema annað sé tekið fram.

5.1 Talningasvæði

Alls var talið á 82 svæðum viðsvegar um landið. Þetta voru fleiri svæði en nokkru sinni fyrr. Skráðir talningamenn voru alls 88.


5.2 Veður

Sunnan- og suðvestanlands var nokkuð hvöss austlæg átt sem lögði þegar leið á daginn. Í Heimaey komst vindur allt upp í 11 vindstig, en annars staðar var vindur hægari. Hiti var á bilinu 0-5°C. Á Vesturlandi var hæg norðaustlæg átt og hiti um frostmark. Á Norður- og Austurlandi var hæg austlæg átt (3-5 vindstig) og nokkuð frost, t.d. um -6°C á Akureyri. Allnokkuð brim var sunnanlands og vestan en sjólítið norðanlands og austan. Víðast var snjóföl á jörð en úrkomulaust um allt land.

5.3 Niðurstöður

Talningagögnin 1987 eru birt í átta töflum. Fjöldi fugla og tegunda er getið fyrir hvert talningasvæði. Vinstra megin á hverri opnu er kort með staðsetningu þeirra talningasvæða, sem taflan á hægri síðu nær yfir. Kortinu fylgir einnig skrá yfir athugendur, svo og upplýsingar um talningardag, ef hann var annar en 27. desember. Svæðamörk eru skilgreind nánar í viðauka, eins og áður segir. Fyrsta taflan hefst í Flóanum, en síðan er farið réttsælis um landið og endað í Vestmannaeyjum.

5.3.1 SUÐVESTURLAND: Baugsstaðir í Flóa -> Hafnir á Miðnesi



001--- STOKKSEYRI. Jón B. Hlíðberg og Kristinn H. Skarphéðinsson.

002A-- EYRARBAKKI. Jón B. Hlíðberg og Kristinn H. Skarphéðinsson.

003--- SOGIÐ. Arnþór Garðarsson.

055--- SELFOSS. Örn Óskarsson.

043A-- ÖLFUSFORIR. Einar Ó. Þorleifsson og Jóhann Ó. Hilmarsson.
Talið 10.1.1988.

018--- HVERAGERÐI. Hannes Þ. Hafsteinsson. Talið 2.1.1988.

004B-- SELVOGUR. Vilhjálmur Lúðvíksson. Talið 30.12.

005--- GRINDAVÍK AUSTUR. Björn Guðbrandsson og Jón S. Ólafsson.


006--- GRINDAVÍK VESTUR. Kjartan G. Magnússon.

007--- HAFNIR - KALMANSTJÖRN. Ævar Petersen.

Tafla 1. SUÐVESTURLAND: Baugsstaðir í Flóa -> Hafnir á Miðnesi

Svæði	001	002A	003	055	043A	018	004B	005	006	007
Lómur										2
Himbrimi	10	1					5	1		6
Dílaskarfur	41	25					8	27	19	9
Toppskarfur							8	30	7	21
Ógr. skarfar	5						27			
Gráhegri	4				2					
Álft	30	54	53	1	51		6		10	
Stökkönd	1036	220	87	30	224		460	1	99	67
Urtönd	1				76		1			
Rauðhöfðaönd	17		1		1		650			
Ljóshöfði	1									
Skúfönd			9				12			
Duggönd							40			
Hvinönd			35							
Húsönd			126							
Hávella		11					230	31	27	2
Straumönd							75	39	52	62
Æður	204	371					520	850	355	672
Gulönd	9		18	4	11					
Toppönd	15		7				60	9	11	23
Fálki	1							1	1	
Smyrill				1	1	1		1	2	
Tjaldur										15
Vepja									1	
Fjöruspói							1			
Stelkur	5	18						15	53	5
Tildra	2	21					13	19	136	15
Hrossagaukur						2				
Sendlingur	340	277					400	19	287	105
Stormmáfur								1		
Svarfbakur	114	59	1	10	2		50	58	360	85
Silfurmafur	3	41					30	58	44	40
Hvítmafur	130	148	1	1			50	36	220	47
Bjartmafur	3	90					4	3	1	
Hettumafur		1						1	1	
Ógr. máfar	80	40								
Álka								1		
Haftyrðill		1							2	
Langvía								1		
Teista								3	2	3
Þúfutittlingur					1					
Músarrindill		1		1	4	8			1	
Svartpröstur					2	5		1		
Grápröstur					2	2				
Skógarpröstur		3		34	4	20		3		
Snjótittlingur	730	110		15	123	1120	140	29	39	210
Auðnutittlingur				22		45				
Stari				70		25		2	19	
Hrafn	3	7	17	40	6	3	8			1
Alls	2784	1499	355	229	510	1231	2798	1240	1749	1390
Fjöldi tegunda	21	19	11	12	15	10	22	26	24	19

5.3.2 SUDVESTURLAND: Ósar á Miðnesi -> Garðabær



008A-- ÓSAR SUDUR. Erling Ólafsson.

009--- STAFNES - SANDGERÐI. Þorsteinn Einarsson.

010--- SANDGERÐI - GERDAR. Sigurður Blöndal.

012--- KEFLAVÍK - INNRI-NJARÐVÍK. Gunnlaugur Þránínsson.

013--- VATNSLEYSUSTRÖND: Vogastapi - Kálfatjörn. Erpur S. Hansen.

039--- VATNSLEYSUSTRÖND: Kálfatjörn - Kúagerði. Ólafur Einarsson.

037--- KÚAGERÐI - STRAUMUR. Hlynur Óskarsson.

014--- STRAUMUR - HVALEYRI. Sigurður Helgason.


015A-- HAFNARFJÖRDUR - ÁLFTANES. Jóhann Ó. Hilmarsson.

016B-- ÁLFTANES. Arnar Helgason.

Tafla 2. SUÐVESTURLAND: Ósar á Miðnesi -> Garðabær

Svæði	008A	009	010	012	013	039	037	014	015A	016B
Lómur		5	2	2			5	6	1	
Himbrimi	1	1	1	1		2	1	1		
Flórgoði		1							1	
Súla		7								
Dílaskarfur	24	50	62	30	10	6	11	5	78	43
Toppskarfur	50	300	55	2				7	2	
Ógr. skarfar	50		90			4		26		10
Gráhegri		5								
Álft	46	51	61		40	10	3	10	21	34
Grágæs										34
Stokkónd	65	156	186	187	572	200	14	34	532	395
Urtönd	2	2			35		4	8	2	1
Rauðhöfðaönd	145	5		36	297		9	68	5	
Ljóshöfðaönd	1									
Húsönd		3								
Hávella	33	9	67		21		36	41	17	71
Straumönd	52	11								
Æður	550	200	1000	923	1005	695	615	500	1045	841
Toppönd	31	2	2	17	20	9	4	6	33	2
Fálki						1				1
Smyrill			1						1	1
Bleshæna		1								
Tjaldur	11	56	1	16	24	4	2	47	67	32
Vepja		1								
Fjöruspói		9			1					
Stelkur	5	16	71	88	41	8	14	24	44	4
Tildra	16	1100	102	152	217	35	15	92	88	209
Rauðbrystingur								7	15	
Sendlingur	300	900	212	152	150	60	34	250	849	300
Stormmáfur		20							1	1
Silfur máfur	13	80	34	33	4	8	2	3	29	1
Sílamáfur					1					
Svartbakur	50	250	320	580	102	134	34	280	391	108
Hvít máfur	30	50	510	600	234	68	14	130	690	120
Bjartmáfur		40	12	160	5			14	192	2
Hettumáfur		10		1					3	11
Ríta			1							1
Ógr. máfar						3		200		2
Álka			1							
Langvía		1	1							
Teista	5	1	2	13		3	2	2	1	
Músarrindill	1	4	1		1	1	3	1		
Gráþröstur						1				
Skógarþröstur		1	1	2	1	3				
Snjótittlingur	8	70	120	186	199	21		120	43	262
Stari		56	130	56		6		41	122	136
Hrafn				1	5	3	2	9		2
Alls	1489	3474	3046	3238	2985	1285	824	1932	4273	2624
Fjöldi tegunda	22	35	26	22	22	21	20	24	26	24

5.3.3 SUÐVESTURLAND: Garðabær -> Kjalarnes



053A-- KÓPAVOGUR. Árni Waag Hjálmarsson.

053B-- REYKJAVÍK: Skógræktin í Fossvogi. Hannes Þ. Hafsteinsson.

019--- SELTJARNARNES. Ólafur K. Nielsen.

017--- REYKJAVÍK: Garðar. Ingólfur Guðnason.

040A-- VÖTN Í NÁGRENNI REYKJAVÍKUR. Finnur L. Jóhannsson.

020--- REYKJAVÍK: Grandi - Grafarvogur. Skúli Gunnarsson.

021--- REYKJAVÍK: Grafarvogur - Geldinganes. Hannes Þ. Hafsteinsson.
Talið 28.12.

022A-- MOSFELLSBÆR. Steinar Björgvinsson.


052--- KOLLAFJÖRDUR. Þorvaldur Björnsson.

038A-- KJALARNES. Björn Hjaltason.

Tafla 3. SUÐVESTURLAND: Garðabær -> Kjalarnes

Svæði	053A	053B	019	017	040A	020	021	022A	052	038A
Lómur			2					1	2	
Dílaskarfur	10		101			3	25	8	32	28
Toppskarfur	1		13			7	5	4	3	12
Ógr. skarfar	24		170							57
Álft	5		5	77	60				5	3
Grágæs				165			1			
Stökkönd	525		282	235	9	245	54	157	39	94
Urtönd	30						11	1	3	
Grafönd	1									
Rauðhöfðaönd	148						63		1	
Gargönd	4									
Skúfönd			6	63					2	
Duggönd	2									
Hvinönd	4		4							
Húsönd	2		3							
Hávella	5		22				11	9	18	29
Straumönd									6	75
Æður	850		1423	6		1249	635	390	728	903
Gulönd						3			5	
Toppönd	1		2			3	9	1	13	4
Fálki						2	1	1	2	
Smyrill				1						1
Rjúpa									5	
Keldusvín		1								
Tjaldur	38		100			106	8	4	93	1
Stelkur	13		10			2	10	4	15	1
Tildra	40		180			73	40	50	48	94
Hrossagaukur		1					1		3	
Sendlingur	300		728			172	15	52	66	43
Stormmáfur	3		1				2	1	3	1
Silfurmáfur	3		2			16	3	4	4	5
Svartbakur	90		75		33	256	1380	33	16	14
Hvítmáfur	550		458	1		960	930	61	52	77
Bjartmáfur	50		23	4		558	8		3	2
Hettumáfur	800		21	4		4	2			
Ógr. máfar			1100					5		
Teista						1	1		3	1
Músarrindill		2						2	2	1
Glóbrystingur		1								2
Svartþróstur										1
Skógarþróstur	6	20	2	23		1		1	3	
Gransöngvari		1								
Ógr. söngvarar		3								
Snjótittlingur	10	3	210	14	42	74	68	70	71	104
Auðnutittlingur				18					11	
Stari	35	63	132	343		17	315	1		
Hrafn			2	7	5	8	33	11	14	14
Alls	3550	95	5077	961	149	3760	3633	871	1270	1566
Fjöldi tegunda	27	8	25	14	5	21	26	22	31	23

5.3.4 SUÐVESTURLAND - MIÐ-NORÐURLAND: Hvalfjörður -> Ólafsfjörður




- 025--- HVALFJÖRDUR. Karl Skírnisson.
- 056--- MELASVEIT. Jón A. Árnason. Talið 28.12.
- 032A-- STYKKISHÓLMUR. Trausti Tryggvason.
- 105--- LAMBAVATN Á RAUDASANDI. Tryggvi Eyjólfsson.
- 122--- SKUTULSFJÖRDUR. Brynjúlfur Brynjólfsson og Sigrún S. Ingólfssdóttir.
Talið nú í fyrsta sinn.
- 109--- SVANSHÓLL Í BJARNARFIRDI. Ólafur Ingimundarson.
- 123--- STEINGRÍMSFJÖRDUR. Jón H. Jóhannsson og Björk Guðjónsdóttir.
Talið nú í fyrsta sinn.
- 124--- BLÖNDUÓS. Kristinn Pálsson.
- 201--- SIGLUFJÖRDUR: Öldubrjótur - Máná. Trausti Magnússon.
- 237--- SIGLUFJÖRDUR: Öldubrjótur - Selvíkurnef. Örygur Kristfinnsson.
- 233A-- ÓLAFSFJÖRDUR. Elmar Víglundsson og Sigurlaug Elmarsdóttir.

Tafla 4. SUÐVESTURLAND - MID-NORÐURLAND: Hvalfjörður -> Ólafsfjörður

Svæði	025	056	032A	105	122	109	123	124	201	237	233A
Flórgoði	2										
Ógr. goði	1										
Fýll									150		
Dílaskarfur	60	100	9		10		54		1	1	
Toppskarfur	10		15								
Álft	6										
Grágæs	3	2									
Stokkönd	95	130	23		5	2	60			90	64
Hávella	157	1			388		144	1	21	500	95
Straumönd	22	6			10				29	15	
Æður	1600	15	258	20	2173		896	71	1750	550	129
Toppönd	27	20			36		52			11	3
Haförn	2		2				1				
Fálki					1	1			1	1	
Rjúpa			3			1					
Tjaldur	350	8			11						
Stelkur			2								
Tildra	15	2	5		1						
Sendlingur	500	130	208	36	476		88			5	
Stormmáfur								2			
Silfurmáfur		1			1			6	6	500	54
Svartbakur	74	40	177	11	431		8	11	42	350	19
Hvítmáfur	84	50	142		446		23	3	15	50	
Bjartmáfur	10	4	1		121						1
Hettumáfur					5			1			
Dvergmáfur					1						
Rita											5
Ógr. máfar							4				
Stuttnefja					1						
Langvía					14						
Teista			39		27		4			1	15
Músarrindill				3	2	2					
Glóbrystingur					1					1	
Svartþröstur					1					3	
Skógarþröstur										2	1
Snjótittlingur	230	500	15	40	270	70	1	76	115	180	
Hrafn	3	13	43	4	134	2	1	2	2	1	1
Alls	3251	1022	942	114	4566	78	1336	173	2167	2261	387
Fjöldi tegunda	19	15	15	6	24	6	12	9	11	17	11

5.3.5 MIÐ-NORÐURLAND - NORÐAUSTURLAND: Dalvík -> Aðaldalur




- 238--- UPSASTRÖND. Haraldur Guðmundsson. Talið nú í fyrsta sinn.
- 202--- DALVÍK. Steingrímur Þorsteinsson.
- 230--- TJÖRN Í SVARFADARDAL. Kristján E. Hjartarson. Talið 30.12.
- 206--- AKUREYRI: Krossanesbryggja - Skjaldarvíkurheimili. Árni B. Árnason.
- 207--- AKUREYRI: Krossanesbryggja - Glerárós. Þorsteinn Þorsteinsson.
- 208A-- AKUREYRI: Glerárós - samkomuhús (Leiruvegur). Gunnlaugur Pétursson.
- 208B-- AKUREYRI: Samkomuhús (Leiruvegur) - flugvöllur. Gunnlaugur Pétursson.
- 209--- KAUPANGSSVEIT. Þorsteinn Ingólfsson.
- 213--- HALLGILSSTAÐIR Í FNJÓSKADAL. Tryggvi Stefánsson.
- 240--- HAFRALÆKUR Í ADALDAL. Þórhallur Ásgrímsson. Talið 28.12. Talið nú í fyrsta sinn.

Tafla 5. MIÐ-NORÐURLAND - NORÐAUSTURLAND: Dalvík -> Aðaldalur

Svæði	238	202	230	206	207	208A	208B	209	213	240
Fýll	3									
Toppskarfur	5									
Stokkönd	4	28		175	98	21	115		3	
Rauðhöfðaönd					2					
Hávella	170	35		160	13					
Straumönd	5									
Æður	96	50		1235	480	100		3		
Gulönd				5	2	11		12		
Toppönd	3			6						
Fálki	1								1	
Rjúpa	11		1						33	
Sendlingur	3	12			2					
Stormmáfur							2			
Silfurmáfur	2	30		220	221	160				
Svarthakur	6	40		85	436	38		42		
Hvítmáfur	1	15		50	128	100		8		
Bjartmáfur		4		150	111	70		2		
Hettumáfur	3			15	76	450		1		
Rita				10	8					
Ógr. máfar		18			150			36		
Haftyrðill				1						
Langvía	3			2						
Teista	1			5	3					
Músarrindill									1	
Svartþröstur										1
Gráþröstur							3			1
Skógarþröstur							33			
Snjótitlingur	2	200	32		800	175	70	140	60	34
Auðnutitlingur			10				40	2	13	
Hrafn	4	2	14	3	51	20	7	19	3	3
Alls	323	434	57	2122	2581	1147	268	265	114	39
Fjöldi tegunda	18	10	4	15	15	11	6	6	7	4

5.3.6 NORÐAUSTURLAND: Aðaldalur -> Tjörnes




- 215--- YTRA-FJALL Í ADALDAL. Indriði Ketilsson.
- 239A-- LAUGABÓL Í REYKJADAL. Hjörtur og Dagur Tryggvasynir.
Talið 26.12.
- 220--- MÝVATN AUSTUR: Reykjahlíð - Kálfaströnd. Illugi Jónsson.
- 243--- MÝVATN AUSTUR: Kálfaströnd - Arngarðshólar, ásamt Grænalæk.
Haukur Hreggviðsson.
- 221B-- SÍLALÆKUR Í ADALDAL. Vilhjálmur Jónsson.
- 232A-- HÚSAVÍK SUÐUR. Þórhallur Ásgrímsson og Björgvin Leifsson.
- 232B-- HÚSAVÍKURBÆR. Sigurður Gunnarsson.
- 223--- HÚSAVÍK NORDUR. Örn Jensson.
- 226--- TJÖRNES: Reyðará - Reká. Birkir Bárðarson og Heimir Eiríksson.
- 224--- TJÖRNES: Reká - Hólssker. Hermann Bárðarson.

Tafla 6. NORÐAUSTURLAND: Aðaldalur -> Tjörnes

Svæði	215	239A	220	243	221B	232A	232B	223	226	224
Flórgoði			1							
Dílaskarfur						2	1	2	10	14
Álft	6	2	44	102						
Grágæs									7	
Stökkönd		97	138	58		2	402	38	50	72
Skúfönd						1				
Duggönd				16						
Húsönd		2	206	228						
Hávella					13	708	125	45	118	44
Straumönd						20			120	152
Æður						1658	184	1495	633	1950
Æðarkóngur									1	
Toppönd						15	6		10	7
Gulönd			40	53	4	10		2		
Fálki			1		1	1			2	
Smyrill							2			
Rjúpa		18	2					2		
Hrossagaukur		2					1		1	
Sendlingur								78	55	70
Stormmáfur					2		1			
Svartbakur					13	15	45	19	12	10
Silfurmáfur						5	125	6	3	5
Hvítmáfur					2	5	14	4		3
Bjartmáfur					5	5	140	6	5	5
Hettumáfur						50	20	1		
Rita							2			
Álka						1				
Teista						15	1	11	1	6
Lundi									1	
Ógr. svartf.									1	
Músarrindill		9	1				3		1	6
Svartpröstur							5		1	
Grápröstur		1					11			
Skógarpröstur							1			
Snjótitlingur	40	609	103	60	40	26	1705	4	600	14
Auðnutitlingur		4	15				2			
Stari							6	8	1	
Hrafn	2	11	2		2	2			2	1
Alls	48	755	553	517	82	2541	2802	1721	1635	2359
Fjöldi tegunda	3	10	11	6	9	18	22	15	21	15

5.3.7 NORDAUSTURLAND - AUSTURLAND: Tjörnnes -> Berufjörður




- 234--- TJÖRNES: Hólssker - Máfhöfði. Gaukur Hjartarson.
- 235--- TJÖRNES: Máfhöfði - Lón. Gaukur Hjartarson og Hermann Bárðarson.
Talið 22.12.
- 241--- LÓN Í KELDUHVERFI. Gaukur Hjartarson og Hermann Bárðarson.
Talið 22.12.
- 242--- VÍKINGAVATN Í KELDUHVERFI. Gaukur Hjartarson og Hermann
Bárðarson. Talið 22.12.
- 302--- ÞORVALDSSTADIR VESTUR. Auðunn Haraldsson.
- 303--- ÞORVALDSSTADIR AUSTUR. Þórarinn Haraldsson.
- 307--- EGILSSTADIR OG NÁGRENNI. Skarphéðinn Þórisson og Völundur
Jóhannesson.
- 304--- SEYDISFJÖRDUR. Guðjón Sæmundsson og Valgeir Sigurðsson.
Talið 28.12.
- 309A-- REYDARFJÖRDUR. Páll Leifsson.
- 313--- BERUFJÖRDUR: Berufjarðarárós - Glímueyri. Sigurður Ægisson.

Tafla 7. NORÐAUSTURLAND - AUSTURLAND: Tjörnes -> Berufjörður

Svæði	234	235	241	242	302	303	307	304	309A	313
Lómur								1		8
Himbrimi						1				
Fýll	20	6000	200			6			80	
Dílaskarfur	32	3	1		18	32			163	39
Álft				58						
Stökkönd	110		38	17	36		42	36	138	137
Duggönd				3						
Húsönd			37	2						
Húsönd/Hvinönd							1			
Hávella	110	13	110		117	48		43	423	197
Straumönd	283	6			9	91				
Æður	3100	2100	120		646	1367		1	1711	530
Toppönd	33		50		9	17			26	32
Gulönd		1	17	14			10		1	
Ógr. endur								5		
Fálki	1									
Smyrill	1				1			1		
Rjúpa	1		1							
Stelkur									2	
Sendlingur	7				6	2				
Svartbakur	57	10	11		7	13		200	4730	35
Silfurmáfur	64	30			19	3		800	6895	16
Hvítmáfur	11	11			1	2				
Bjartmáfur	6	6								
Hettumáfur								10	171	
Álka										15
Haftyrðill	1									
Langvía	1		2							1
Stuttnefja		1								
Teista	10	2			8	1				
Ógr. svartf.		70								
Músarrindill					1	1				
Glóbrystingur									1	
Svartþröstur									1	
Gráþröstur									2	
Snjóttittlingur	17	10	2	2	176	44	62	300	130	50
Stari									1	
Hrafn	2	5	3	2	14	11	4	4	376	1
Alls	3867	8268	593	98	1068	1639	119	1401	14851	1061
Fjöldi tegunda	20	14	14	7	15	15	5	10	17	12

5.3.8 AUSTURLAND - SUDURLAND: Berufjörður -> Vestmannaeyjar



- 310--- BERUFJÖRDUR: Eyfreyjunestangi - Sandbrekkutangi. Eyjólfur Guðjónsson.
- 311--- DJÚPIVOGUR. Óli Björgvinsson.
- 312--- HAMARSFJÖRDUR NORDUR. Ingimar Sveinsson.
- 401B-- HÖFN Í HORNAFIRDI. Benedikt Þorsteinsson og Elínborg Pálsdóttir.
- 410--- SUDURSVEIT. Björn G. Arnarson. Talið nú í fyrsta sinn.
- 402--- KVÍSKER Í ÖRÆFUM. Hálfán Björnsson.
- 409--- SKAFTAFELL Í ÖRÆFUM. Jakob Guðlaugsson og Jakob V. Sigurðsson.
- 406V-- HEIMAEY VESTUR. Sigurgeir Sigurðsson.
- 406M-- HEIMAEY MID. Friðrik Jesson.
- 406A-- HEIMAEY AUSTUR. Svavar Steingrímsson.
- 406S-- HEIMAEY: STAKKABÓT. Hávarður B. Sigurðsson.

Tafla 8. AUSTURLAND - SUÐURLAND: Berufjörður -> Vestmannaeyjar

Svæði	310	311	312	401B	410	402	409	406V	406M	406A	406B
Himbrimi			1								
Fýll	51	50	3		1						
Dilaskarfur	3		30	40				7	17	2	
Stokkönd			110	380		28	37				
Hávella	32		140	2							
Straumönd	41										
Æður	126		120	1800				180	150	1	7
Gulönd	3										
Toppönd	15		60					1			
Fálki				1	1	1					
Smyrill								1			
Rjúpa						4	5				
Keldusvín					1						
Tjaldur			35	200							
Stelkur			1								
Tildra	8							27	10		
Hrossagaukur					1	1					
Dvergsnípa					1						
Rauðbrystingur				1							
Sendlingur	34		3	130				10	12		
Stormmáfur				2							
Silfurmáfur	3		1	100	1			90	18	50	9
Svartbakur	2		4	340	30	150		15	110	30	1
Hvítmáfur	2			9	40	30			5	25	6
Bjartmáfur				5	10				4	12	
Hettumáfur								5	7		
Rita								2	3		
Ógr. máfar				350							
Álka	1										
Langvía									2		
Teista	2		2					22	15		1
Músarrindill		1				1					
Svartpröstur				4							
Skógarpröstur				4				6			
Snjótittlingur	14		1			8	60	25	50	2	30
Auðnutittlingur								64			
Stari				30				1	1		
Hrafn	2		4	45	28	2	3				1
Alls	339	51	515	3443	123	276	110	392	403	122	55
Fjöldi tegunda	16	2	15	17	12	15	5	14	13	7	7

5.4 Umræða

5.4.1 Almenn umsögn

Alls voru taldir 135305 fuglar, sem sennilega eru fleiri en nokkru sinni fyrr í jólatalningu. Af þessum fjölda voru andfuglar 63232 (47% af heildarfjölda), vaðfuglar 12453 (9%), máfar 35507 (26%), spörfuglar 14630 (11%), en aðrir fuglar voru 9488 (7%).

Af einstökum tegundum var mest af æðarfuglum, 43835, sem er um 32% af heildarfjölda talinna fugla. Svartbakar voru næstalgengastir, 12554 (9%). Síðan fer fjöldi fugla af hverri tegund ört fækkandi, eins og sést í töflu 9. Aðeins einn fugl sást af 11 tegundum, en 2-10 fuglar af öðrum 11 tegundum.

Langflestir fuglar á einu svæði sáust í Reyðarfirði (309A), en þar voru taldir 14851 fuglar, og voru um 80% þeirra máfar. Á þessu eina svæði voru 11% allra talinna fugla, en meðalfjöldi á svæði var 1664 fuglar. Fleiri tegundir sáust í þessari talningu en í nokkurri af fyrri jólatalningum, eða alls 67. Þarna kemur líklega tvennt til; hlýindi í nóvember og desember, sem virðast hafa haft töluverð áhrif á fjölda flækingsfugla, en einnig að talið var á fleiri svæðum en nokkru sinni fyrr.

Í þessari talningu sáust óvenju margir flækingsfuglar og aðrir fuglar sem eru sjaldséðir í jólatalningum, s.s. gransöngvari, æðarkóngur, keldusvín, bleshæna, dvergsnípa, lundí og glóbrystingur. Ein tegund hafði ekki sést í þessum talningum áður, en það er dvergmafur, sem sást í Skutulsfirði (122).

Hlýindi fram eftir hausti og vetri geta haft áhrif á fjölda flækingsfugla sem koma fram í talningu. Fjöldi þeirra er þó einnig háður því, hve mikið kemur af slíkum fuglum til landsins um haustið 2-4 mánuðum áður en talning fer fram. Tiltölulega margir flækingsfuglar sáust í október og nóvember 1987, og sáust þeir síðan óvenjulangt fram eftir vetri (sbr. Gunnlaug Pétursson og Erling Ólafsson 1989).

Samband er á milli fjölda talningasvæða og fjölda tegunda sem sést hverju sinni; því fleiri svæði sem eru talin, þeim mun fleiri tegundir sjást (sbr. 4. mynd, bls. 37, í grein Ævars Petersen 1983). Talningasvæði eru að vísu misstór en einnig mjög misauðug af fuglum og fjölbreytni tegunda. Þó er ljóst, að enn er unnt að lengja tegundalistann úr hverri jólatalningu, með því að bæta við fleiri svæðum. Tegundum getur að sjálfsögðu ekki fjölgað endalaust, en það er greinilega ekki ennþá komið að efri mörkum.

Eins og oft áður í jólatalningum, sáust flestar tegundir á einu svæði á talningasvæðinu Stafnes - Sandgerði (009). Þar komu fram 35 tegundir, eða talsvert fleiri en á því svæði sem lenti í öðru sæti, en það var Kollafjörður (052) með 31 tegund.

Á töflunum sést vel mikill munur á fjölbreytni tegunda og fjölda fugla milli strandsvæða og svæða inn til landsins. Á landstöðvum sáust að meðaltali um 9 tegundir, en um 21 á hverri strandstöð. Það er ennfremur áberandi, hve fuglalíf er fjölbreyttara á suðvesturhorni landsins á þessum árstíma en víðast annars

Tafla 9. Samanlagður fjöldi fugla hverrar tegundar í talningu 1987. - Combined number of birds per species seen in the Christmas Bird Count 1987.

Lómur <i>Gavia stellata</i>	37
Himbrimi <i>G. immer</i>	33
Flórgoði <i>Podiceps auritus</i>	5
Ógr. goði/Unident. Podicipedidae	1
Fýll <i>Fulmarus glacialis</i>	6564
Súla <i>Sula bassana</i>	7
Dilaskarfur <i>Phalacrocorax carbo</i>	1306
Toppskarfur <i>P. aristotelis</i>	557
Ógr. skarfar/Unident. <i>Phalacrocorax</i> spp.	463
Gráhegri <i>Ardea cinerea</i>	11
Alft <i>Cygnus cygnus</i>	854
Grágæs <i>Anser anser</i>	212
Stökkönd <i>Anas platyrhynchos</i>	9084
Urtönd <i>A. crecca</i>	177
Grafönd <i>A. acuta</i>	1
Rauðhöfðaönd <i>A. penelope</i>	1448
Ljóshöfðaönd <i>A. americana</i>	2
Gargönd <i>A. strepera</i>	4
Skúfönd <i>Aythya fuligula</i>	93
Duggönd <i>A. marila</i>	61
Hvinönd <i>Bucephala clangula</i>	43
Húsönd <i>B. islandica</i>	609
Húsönd/Hvinönd <i>B. islandica/clangula</i>	1
Hávella <i>Clangula hyemalis</i>	4663
Straumönd <i>Histrionicus histrionicus</i>	1181
Æður <i>Somateria mollissima</i>	43835
Ædarkóngur <i>S. spectabilis</i>	1
Gulönd <i>Mergus merganser</i>	235
Toppönd <i>M. serrator</i>	723
Ógr. endur/Unident. Anatidae	5
Haförn <i>Haliaeetus albicilla</i>	5
Fálki <i>Falco rusticolus</i>	26
Smyrill <i>F. columbarius</i>	17
Rjúpa <i>Lagopus mutus</i>	87
Keldusvín <i>Rallus aquaticus</i>	2
Bleshæna <i>Fulica atra</i>	1
Tjaldur <i>Haematopus ostralegus</i>	1229
Vepja <i>Vanellus vanellus</i>	2
Fjöruspói <i>Numenius arquata</i>	11
Stelkur <i>Tringa totanus</i>	471
Tildra <i>Arenaria interpres</i>	2825
Hrossagaukur <i>Gallinago gallinago</i>	13
Dvergsnípa <i>Limnocyptes minimus</i>	1
Rauðbrystingur <i>Calidris canutus</i>	23
Sendlingur <i>C. maritima</i>	7878
Stormmáfur <i>Larus canus</i>	43
Silfurmáfur <i>L. argentatus</i>	9904
Sílamáfur <i>L. fuscus</i>	1
Svartbakur <i>L. marinus</i>	12554
Hvítmáfur <i>L. hyperboreus</i>	7453
Bjartmáfur <i>L. glaucoides</i>	1857
Hettumáfur <i>L. ridibundus</i>	1674
Dvergmáfur <i>L. minutus</i>	1
Ríta <i>Rissa tridactyla</i>	32
Ógr. máfar/Unident. <i>Larus</i> spp.	1988
Haftyrðill <i>Alle alle</i>	5
Alka <i>Alca torda</i>	19
Stuttnefja <i>Uria lomvia</i>	2
Langvia <i>U. aalge</i>	28
Teista <i>Cepphus grylle</i>	235
Lundi <i>Fratercula arctica</i>	1
Ógr. svartfuglar/Unident. Alcidae	71
Púfutittlingur <i>Anthus pratensis</i>	1
Músarrindill <i>Troglodytes troglodytes</i>	68
Glóbrystingur <i>Erithacus rubecula</i>	4
Svartþröstur <i>Turdus merula</i>	25
Gráþröstur <i>T. pilaris</i>	23
Skógarþröstur <i>T. iliacus</i>	175
Gransöngvari <i>Phylloscopus collybita</i>	1
Ógr. söngvarar/Unident. <i>Phylloscopus</i> spp.	3
Snjötittlingur <i>Plectrophenax nivalis</i>	11405
Auðnutittlingur <i>Acanthis flammea</i>	246
Stari <i>Sturnus vulgaris</i>	1617
Hrafn <i>Corvus corax</i>	1062

Alls/total	135305

staðar á landinu. Á suðvesturhorninu voru um 24 tegundir að meðaltali á hverri strandstöð en um 11 á landstöð. Sambærilegar tölur fyrir landsbyggðina voru 14 og 7. Fuglalíf er auðvitað mjög breytilegt milli einstakra svæða, hvort sem þau eru inni í landi eða út til sjávar.

5.4.2 Einstakar tegundir

Hverri tegund fylgir stutt, almenn lýsing á stöðu hennar hér á landi á veturna. Á eftir fylgir stutt athugasemd um niðurstöður talningarinnar 1987.

1. Lómur *Gavia stellata*. Líklega staðfugl að mestu. Er strjáll á sjó, sérstaklega suðvestanlands, en sést einnig við austan- og norðaustanvert landið. -- Lómar sáust á tólf svæðum, alls 37 fuglar. Flestir voru þeir átta í Berufirði (310).
2. Himbrimi *Gavia immer*. Staðfugl, sem heldur sig á sjó yfir vetrarmánuðina. Sést allt í kringum land, en er algengastur við Suðvesturland. Leitar e.t.v. í nokkrum mæli út fyrir Íslandsmið. -- Himbrimar sáust á níu svæðum, alls 33 fuglar. Flestir sáust á svæðinu Baugsstaðir - Hraunsá (001), 10 fuglar.
3. Flórgoði *Podiceps auritus*. Að mestu farfugl. Fáeinir fuglar sjást á sjó hér við land, einkum við Suðvesturland. -- Í talningunni sáust fimm flórgoðar. Fjórir þeirra voru á sjó við Suðvesturland; 3 alls á hefðbundnum vetrarstöðvum flórgoða í Ósum (008A) og Hvalfirði (025), en einn á Hafnarfirði (015A). Einn sást á Mývatni (220).
4. Fýll *Fulmarus glacialis*. Dreifist víða um N-Atlantshaf á veturna, en sést líka allt umhverfis land, einkum útfjarða. Sést í björgum meira eða minna allan veturinn við sunnanvert landið. Fjöldi upp við land er mjög breytilegur eftir tíðarfari. -- Alls sáust 6564 fýlar á tíu svæðum, þar af langflestir á svæðinu Máfhöfði - Lón (235), eða um 6000 fuglar.
5. Súla *Sula bassana*. Að mestu leyti farfugl, en þó sést hér slæðingur af súlum á veturna, einkum við landið sunnanvert. -- Sjö súlur sáust á svæði 009, Stafnes - Sandgerði. Athugendur þurfa að tilgreina aldur súlna, því svo virðist sem einungis fullorðnar súlur séu hér við land á veturna.
6. Dilaskarfur *Phalacrocorax carbo*. Alger staðfugl, sem sést á sjó umhverfis land allt. -- Alls voru taldir 1306 fuglar, allt í kringum land. Þetta gæti verið 10-15% af íslenska stofninum. Flestir voru 163 á einu talningasvæði, í Reyðarfirði (309A).
7. Toppskarfur *Phalacrocorax aristotelis*. Alger staðfugl, sem sést á sjó einkum við vesturhelling landsins. Sjaldséður austar með Norðurlandi og Suðurlandi. -- Í talningunni voru 557 toppskarfar greindir til tegundar. Eins og jafnan, voru þeir flestir kringum Miðnes á Reykjanesi, langflestir á svæðinu Stafnes - Sandgerði (009), þar sem sáust um 300 fuglar.

8. Gráhegri *Ardea cinerea*. Vetrargestur frá Skandinavíu. Strjáll við ferskt vatn og sjó. Sést aðallega á sunnanverðu landinu. -- Ellefu hegrar sáust, þar af fimm í Sandgerði (009), fjórir við Stokkseyri (001) og tveir í Opnum (043A).
9. Álftr *Cygnus cygnus*. Að mestu farfugl, en strjálungur heldur hér til á veturna. -- Að þessu sinni voru flestar álftr á Mývatni, en á svæðinu frá Kálfaströnd að Arngarðshólum (243) sáust 102. Mikið var af álftrum víða við Suðvesturland, og allstór hópur, 58 fuglar, var á Víkingavatni í Kelduhverfi (242). Alls töldust 854 álftr, og er það óvenju mikill fjöldi. Þetta gæti verið allt að því helmingur af vetrarstofninum. Álftrum hefur stöðugt fjölgað hérlendis á þessum árstíma síðasta áratug (Arnþór Garðarsson & Kristinn H. Skarphéðinsson 1985).
10. Grágæs *Anser anser*. Alger farfugl, nema hvað lítill vetrarstofn hefur byggst upp á Reykjavíkursvæðinu frá því á 6. áratugnum í tengslum við matargjafir fólks við Tjörnina í Reykjavík. -- Í talningunni sáust alls 212 grágæsir. Uppistaðan í þeim fjölda voru gæsir í Reykjavík og Garðabæ, 200 talsins. Nokkuð óvenjulegt var, að 3 grágæsir sáust í Hvalfirði (025), 2 í Melasveit (056) og 7 á Tjörnesi (226). Sumar þessar gæsa kunna að hafa verið bæklaðar eftir skotveiðar um haustið.
11. Stökkönd *Anas platyrhynchos*. Staðfugl að mestu. Heldur sig bæði á sjó og fersku vatni um land allt. -- Fjöldi stökkanda var 9084. Mest var af þeim á Suðvesturlandi, t.d. sáust 1036 stökkendur á svæðinu Baugsstaðir - Hraunsá (001).
12. Urtönd *Anas crecca*. Að mestu farfugl, en hérlendis er slæðingur á veturna, einkum á ferskvatni en minna í vogum og víkum við ströndina. -- Allar þær 177 urtendur sem sáust í talningunni voru við Suðvesturland. Ölfusforir (043A) eru eitt mesta urtandasvæði landsins að vetrarlagi, og þar töldust flestar urtir nú, 76. Óvenju margar sáust einnig á Vatnsleysuströnd (013), alls 35, en ekki nema ein á Varmá í Mosfellssveit (022A), þar sem urtendur halda til allajafna.
13. Grafönd *Anas acuta*. Alger farfugl og hending að grafönd sjáist hér að vetrarlagi. -- Stakur kvenfugl sást í Skerjafirði (019).
14. Rauðhöfðaönd *Anas penelope*. Að mestu leyti farfugl. Talsvert af fuglum hefur vetrardvöl á svæðinu frá Borgarfirði austur í V-Skaftafellssýslu. Er bæði á sjó, í vogum eða víkum, og inn til landsins. -- Alls sáust 1448 rauðhöfðaendur. Langflestar þeirra, 650 fuglar, voru í Selvogi (004B).
15. Ljóshöfðaönd *Anas americana*. Árviss flækingsfugl frá N-Ameríku. -- Tveir ljóshöfðasteggir fundust í talningunni, annar við Stokkseyri (001) en hinn í Ósum (008A).
16. Gargönd *Anas strepera*. Að langmestu leyti farfugl, en árlega sjást fáir fuglar á Suðvesturlandi. -- Fjórar gargendur sáust, allar í Skerjafirði (053A).

17. Skúfönd *Aythya fuligula*. Farfugl að mestu, en hópar sjást á nokkrum stöðum á Suðvesturlandi á veturna, að hluta til líklega sömu fuglarnir sem fljúga á milli staða. -- Alls sáust 93 skúfendur, flestar á Reykjavíkurtjörn (017), eða 63.
18. Duggönd *Aythya marila*. Að mestu farfugl, en eins og skúfönd halda hópar til á Suðvesturlandi yfir veturinn. Að líkindum eru þetta að einhverju leyti sömu fuglarnir sem ferðast á milli staða. -- Í talningunni sást 61 duggönd. Flestar, 40 fuglar, voru á Hlíðarvatni í Selvogi (004B).
19. Hvinönd *Bucephala clangula*. Vetrargestur, sem sést árisst á sömu stöðum, einkum á Suðurlandi og Mývatni. -- Hvinendur sáust á þremur svæðum, alls 43, að venju flestar á Soginu (003), en þar sáust nú 35 fuglar.
20. Húsönd *Bucephala islandica*. Að hluta staðfugl, sem heldur sig á takmörkuðum svæðum á Suður- og Norðausturlandi á veturna. -- Fjöldi húsanda var að þessu sinni 609, flestar á Mývatni (220, 243) og á Soginu (003).
21. Hávella *Clangula hyemalis*. Að hluta staðfugl, en hingað koma vafalítið stórir hópar annars staðar frá til vetrarsetu. Heldur til á sjó umhverfis allt land. -- Í talningunni sáust 4663 hávellur. Flestar voru á svæðinu frá ósi Laxár í Aðaldal að Kaldbaksnefi (232A), en þar voru taldar 708. Einnig var mikill fjöldi á Siglufirði (201), Reyðarfirði (309A) og Skutulsfirði (122).
22. Straumönd *Histrionicus histrionicus*. Staðfugl, sem er á sjó allt í kringum land á veturna. -- Alls töldust 1181 straumendur. Þau þrjú talningasvæði, þar sem straumendur voru algengastar, voru öll við utan- og vestanvert Tjörnes (226, 224, 234).
23. Æður *Somateria mollissima*. Staðfugl á sjó með ströndum umhverfis allt land. -- Alls sáust nú 43835 æðarfuglar. Mestur fjöldi var á þremur svæðum við Tjörnes (224, 234, 235).
24. Æðarkóngur *Somateria spectabilis*. Strjáll vetrargestur frá norðlægari löndum og sést á sjó hringinn í kringum land. -- Fullorðinn karlfugl var við Héðinshöfða á Tjörnesi (226).
25. Gulönd *Mergus merganser*. Staðfugl í öllum landshlutum. Heldur bæði til á sjó og fersku vatni. -- Heildarfjöldi gulanda í talningunni var 235, flestar 93 á Mývatni (220, 243).
26. Toppönd *Mergus serrator*. Að hluta til staðfugl, sem er á sjó með ströndum fram á veturna, og sést allt umhverfis land. -- Taldar voru 723 toppendur. Flestar voru í Selvogi (004B) og í Hamarsfirði (312), en á hvoru þessara svæða sáust 60 fuglar.
27. Haförn *Haliaetus albicilla*. Staðfugl, sem sést einkum við vestanvert landið, á svæðinu frá Suðurlandi í Hrutafjörð. -- Hafarnir sáust nú á þremur svæðum, tveir í Hvalfirði (025), tveir við Stykkishólm (032) og einn í Steingrímsfirði (123).

28. Fálki *Falco rusticolus*. Staðfugl, sem vart verður við um land allt. -- Alls sáust 26 fálkar, ýmist stakir eða tveir fuglar á svæði.
29. Smyrill *Falco columbarius*. Að litlu leyti staðfugl og algengastur á suðvesturhorninu. Sést einstaka sinnum í öðrum landshlutum, einkum á láglendi inn til lands eða út við ströndina. -- Sautján smyrlar sáust, alls staðar stakir fuglar, nema tveir á tveimur svæðanna (006, 232B).
30. Rjúpa *Lagopus mutus*. Staðfugl, sem sést um land allt. -- Alls voru taldar 87 rjúpur, flestar 33 við Hallgilsstaði (213).
31. Keldusvín *Rallus aquaticus*. Sést árlega við opið ferskvatn. Talið er, að þar eigi einkum flækingsfuglar frá öðrum löndum í hlut, fremur en íslenskir fuglar. -- Vart var við tvö keldusvín að þessu sinni, annað í Skógræktinni í Fossvogi (053A) en slóðir eftir hitt sáust í Suðursveit (410).
32. Bleshæna *Fulica atra*. Árviss flækingsfugl hér á landi. -- Ein bleshæna var í Sandgerði (009).
33. Tjaldur *Haematopus ostralegus*. Að hluta staðfugl, sem heldur sig í fjörum, einkum við Vestur-, Suður- og Suðausturland. -- Í talningunni sáust 1229 tjaldar. Flestir voru þeir 350 í Hvalfirði (025) og 200 við Höfn í Hornafirði (401B).
34. Vepja *Vanellus vanellus*. Árlegur flækingsfugl. -- Ein vepja sást í Arfadalsvík (006) og önnur við Sandgerði (009).
35. Fjöruspói *Numenius arquata*. Sjaldgæfur vetrargestur sem er einkum að finna í fjörum suðvestanlands, en einnig í Hornafirði. Fuglar sem nýlega hófu að verpa hér kunna að hafa vetrarsetu á suðvesturhorninu (Whitfield, Evans & Jón Magnússon 1989). -- Fjöruspóar sáust á þremur svæðum á Suðvesturlandi, einn á svæði 004, níu á svæði 009 og einn á svæði 013.
36. Stelkur *Tringa totanus*. Aðeins lítill hluti íslenska varpstofnsins hefur hér vetrarsetu, einkum í fjörum á Suðvesturlandi. -- Alls sást 471 stelkur, nánast allir á Suðvesturlandi. Flestir voru þeir á svæðinu frá Keflavík að Innri-Njarðvík (012), en þar voru 88.
37. Tildra *Arenaria interpres*. Vetrargestur í fjörum á Vesturlandi til Suðurlands. -- Í talningunni sáust 2825 tildirur. Þær voru langflestar, 1100, á svæðinu frá Stafnesi að Sandgerði (009).
38. Hrossagaukur *Gallinago gallinago*. Að mjög litlu leyti staðfugl en sést árlega að vetrarlagi, einkum við opnur inn til landsins eða í fjörum. -- Prettán hrossagaukar sáust alls á níu svæðum.
39. Dvergsnípa *Lymnocyptes minimus*. Flækingsfugl hér á landi. -- Dvergsnípa sást við Reynivelli í Suðursveit (410).
40. Rauðbrystingur *Calidris canutus*. Fargestur, en örfáir fuglar sjást hér sérhvern vetur, einna helst í Hafnarfirði. -- Rauðbrystingar sáust á þremur

svæðum, sjó á svæðinu Straumur - Hvaleyri (014), fimmtán á svæðinu Hvaleyri - Hlið (015A) og einn í Hornafirði (401B).

41. Sendlingur *Calidris maritima*. Staðfugl, en hingað koma líklega einnig erlendir fuglar. Langalgengasti vaðfugl hér í fjörum að vetrarlagi. -- Alls voru taldir 7878 sendlingar. Flestir voru þeir á svæðinu Stafnes - Sandgerði (009), 900 fuglar.

42. Stormmáfur *Larus canus*. Að hluta til staðfugl, sem sést helst við suður- og suðvesturströndina, svo og í Eyjafirði og við Skjálfanda. -- Stormmáfar sáust víða um land, alls 43 fuglar. Flestir voru á svæðinu Sandgerði - Stafnes (009), þar sem sáust 20 fuglar.

43. Silfurmáfur *Larus argentatus*. Að mestu leyti staðfugl, sem heldur sig með ströndum umhverfis land allt en sést sjaldan við Norðvesturland. -- Heildarfjöldi silfurmáfa í talningunni var 9904. Af þeim var mest við norðan- og austanvert landið, langmest við Reyðarfjörð (309A), þar sem 6895 voru taldir. Í Seyðisfirði (304) voru um 800 silfurmáfar og um 500 í Siglufirði (201).

44. Sílamáfur *Larus fuscus*. Alger farfugl, sem sést hér örsjaldan á veturna. -- Stakur sílamáfur sást á svæðinu Vogastapi - Kálfatjörn (013).

45. Svartbakur *Larus marinus*. Að mestu staðfugl, sem heldur sig á eða við sjó allt umhverfis land. -- Alls 12554 svartbakar voru greindir til tegundar að þessu sinni. Flestir voru í Reyðarfirði (309A), en þar voru 4730.

46. Hvítmáfur *Larus hyperboreus*. Að mestu staðfugl, sem er á og við sjó allt í kringum land. -- Alls voru 7453 hvítmáfar greindir til tegundar. Langflestir þeirra voru á talningasvæðunum á Suðvesturlandi, víða 500-1000 fuglar.

47. Bjartmáfur *Larus glaucoides*. Algengur vetrargestur, sem sést á sjó allt í kringum land. -- Alls voru 1857 bjartmáfar greindir til tegundar í talningunni. Hér við land hafa bjartmáfar lengi verið algengastir á Viðeyjarsundi (020) og sáust þar 558 fuglar. Nú brá hins vegar svo við, að mun fleiri bjartmáfar sáust á öðrum svæðum en venja er. Til dæmis sáust yfir 100 fuglar á nokkrum svæðum (012, 015A, 122 o.fl.). Á árinu 1987 var tekið í notkun nýtt holræsakerfi í Reykjavík, sem leiðir skolp út á mun meira dýpi en gamla kerfið gerði. Hugsanlegt er, að þessar framkvæmdir hafi haft áhrif á dreifingu máfa. Verður áhugavert að fylgjast með framvindu mála í framtíðinni.

48. Hettumáfur *Larus ridibundus*. Að hluta staðfugl. Sést mest við Suðvesturland, en einnig á Norðurlandi. Sést lítið sem ekkert á Norðvesturlandi. -- Í talningunni sáust 1574 hettumáfar. Flestir voru á svæðinu Arnarneslækur - Suðurgata (053), 800 fuglar. Einnig voru margir við Akureyri, s.s. 450 á svæði 208A.

49. Dvergmáfur *Larus minutus*. Flækingsfugl. -- Dvergmáfur á fyrsta vetri sást á Skutulsfirði (122). Þetta er í fyrsta sinn sem þessi tegund kemur fram í jölatalningu.

50. Rita *Rissa tridactyla*. Dreifist um N-Atlantshaf á veturna en sést allt umhverfis land. Mjög breytilegt er, hve fjöldi þeirra er mikill upp undir land, þar sem allar talningar fara fram. -- Ritur sáust á átta talningasvæðum, alls 32 fuglar. Flestar voru þær við Akureyri, tíu á svæði 206 og átta á svæði 207.
51. Haftyrðill *Alle alle*. Vetrargestur frá norðlægum slóðum. Sjófugl, sem sést mest við Norður- og Austurland. -- Í talningunni sáust fimm haftyrðlar, 3 við Suðvesturland (002A, 006) og 2 við Norðausturland (234, 206).
52. Álka *Alca torda*. Flakkar víða um N-Atlantshaf á veturna. Sést á sjó umhverfis allt land en sést í breytilegum fjölda fast við land. -- Alls sáust nítján álkur á fimm talningasvæðum. Langflestar héldu til á Berufirði (313), þar sem sáust fimmtán fuglar.
53. Stuttnefja *Uria lomvia*. Sést allt umhverfis land en í mjög litlum mæli. Heldur mest til langt úti á hafi. -- Stuttnefja sást í Skutulsfirði (122) og önnur við Tjörnes (235).
54. Langvía *Uria aalge*. Heldur til á rúmsjó og sést allt umhverfis land, en sést mismikið alveg við ströndina. -- Alls voru greindar 28 langvíur, þar af fjórtán í Skutulsfirði (122).
55. Teista *Cephus grylle*. Að mestu staðfugl, sem sést allt umhverfis land. -- Í talningunni sáust 235 teistur. Flestar voru við Stykkishólm (032), eða 39. Í Skutulsfirði (122) sáust 27, en 22 við vesturströnd Heimaeyjar (406V).
56. Lundir *Fratercula arctica*. Íslenski stofninn fer líklega allur burt á veturna. Fuglar frá norðlægari slóðum koma hingað í litlum mæli og sjást einkum við Norðausturland. -- Einn sást á svæði 226.
57. Þúfuttlingur *Anthus pratensis*. Alger farfugl, en stundum verður vart við stakar eftirlegukindur. -- Einn þúfuttlingur sást á svæði 043A.
58. Músarrindill *Troglodytes troglodytes*. Staðfugl, sem sést víða um land, bæði við ströndina eða í lágsveitum. -- Í talningunni sáust 68 músarrindlar. Flestir voru níu í Reykjadal (239A) og átta í Hveragerði (018). Óvenju mikið var af músarrindlum í þessari talningu.
59. Glóbrystingur *Erithacus rubecula*. Flækingsfugl. -- Stakir fuglar sáust á fjórum stöðum: Skógræktinni í Fossvogi (053A), á Ísafirði (122), Siglufirði (237) og Reyðarfirði (309A). Þetta eru óvenju margir fuglar.
60. Svartþröstur *Turdus merula*. Vetrargestur, sem sést í görðum eða við sveitabýli um land allt. -- Alls sáust 25 svartþrestir, fimm fuglar flestir á einu svæði, á Húsavík (232B) og í Hveragerði (018).
61. Gráþröstur *Turdus pilaris*. Vetrargestur í bæjum og við býli um land allt. -- Alls sáust 23 gráþrestir, flestir á Húsavík (232B), en þar voru 11 fuglar.
62. Skógarþröstur *Turdus iliacus*. Að hluta staðfugl, sem er algengastur á Suðvesturlandi og Mið-Norðurlandi. Stakir fuglar sjást endrum og eins í öllum

landshlutum. -- Taldir voru 175 skógarprestir. Flestir voru þeir 34 á Selfossi (055) og 33 á Akureyri (208B).

63. Gransöngvari *Phylloscopus collybita*. Flækingsfugl. -- Gransöngvari sást í Skógræktinni í Fossvogi (053A), og var hann greindur til tegundar á röddinni.

64. Snjótittlingur *Plectrophenax nivalis*. Staðfugl að hluta. Langalgengasta spörfuglstegundin hér á veturna og sést um land allt. -- Þriðja algengasta tegundin í talningunni, en alls sáust 11405 fuglar. Flestir voru á Húsavík (232B), þar sem sáust 1705.

65. Auðnutittlingur *Acanthis flammea*. Staðfugl, sem sést um land allt, en mest þar sem er birkikjarr eða skógrækt. -- Í talningunni sáust 246, flestir í Skaftafelli (409A), eða 64.

66. Stari *Sturnus vulgaris*. Staðfugl, en auk þess koma hingað vetrargestir erlendis frá. Sést endrum og eins um land allt, en er hvergi að staðaldri nema á Suðvestur-, Suður- og Suðausturlandi. -- Í talningunni komu fram 1617 starar. Flestir voru í og við Reykjavík, en einnig sást talsverður fjöldi á Reykjanesskaga. Í Skógræktinni í Fossvogi er náttstaður stara, og koma fuglarnir þangað úr öllum áttum seinni hluta dags. Á slíkum stöðum er fjöldi fugla því mjög breytilegur eftir hvenær dags talning fer fram.

67. Hrafn *Corvus corax*. Staðfugl, sem sést um land allt. -- Hrafnar sáust á flestum talningasvæðum, alls 1062 fuglar. Þetta gæti verið um 15% af íslenska hrafnastofninum. Flestir á einu svæði sáust í Reyðarfirði (309A), en þar voru 376.

5.4.3 Ógreindir fuglar

Að þessu sinni voru um 2% talinna fugla ógreindir, en það voru eftirtaldir fuglar:

Ógreindur goði sást í Hvalfirði (025).

Ógreindir skarfar. Sem fyrr voru allmargir skarfar ógreindir, nú 463 (á mörgum talningasvæðum).

Húsönd/Hvinönd *Bucephala* tegund. Einn fugl, sem ekki varð greindur til tegundar, sást við Egilsstaði (307).

Ógreindar endur. Í Seyðisfirði (304) sáust fimm endur sem ekki tókst að greina til tegundar.

Ógreindir máfar. Fjöldi ógreindra máfa var 1988 að þessu sinni.

Ógreindir svartfuglar. Við Tjörnes (226, 235) sáust alls 71 svartfugl sem ekki urðu greindir frekar til tegundar.

Ógreindir *Phylloscopus* söngvarar. Þrír voru í Skógræktinni í Fossvogi (053A). Þeir urðu ekki greindir endanlega til tegundar, en voru annað hvort gransöngvarar eða laufsöngvarar *P. trochilus*.

Í sérhverri talningu er nokkuð af fuglum sem ekki tekst að greina að fullu til tegundar. Þrjár ástæður eru helstar fyrir þessu; (1) fuglarnir sjást ekki nógu greinilega til þess að athugandi sé viss, (2) athugandi er ekki nægilega vel að sér í tegundaeinkennum til þess að greina tegundir í sundur, eða (3) fuglar eru í svo stórum og þéttum hópum, að ekki vinnst tími til þess að greina þá alla.

Mörgum reynist torvelt að greina máfa, einkarlega unga fugla. Auk þess eru oft nokkrar tegundir þeirra saman í hóp. Því eru ætíð margir fuglar ógreindir af þessum tegundum. Sama er að segja um skarfa og svartfugla, en þeir sjást oft á löngu færi og á ókyrrum sjó. Það er því brýnt, að talningamenn reyni að kynna sér greiningar þessara erfiðu tegunda sérstaklega vel.

6 NIÐURLAG

Þau gögn sem fást með jólatalningum geta veitt mikilvægar upplýsingar um breytingar á stærð fuglastofna. Þess vegna er nauðsynlegt að telja sömu svæði ár eftir ár. Til þess að niðurstöður verði sem sambærilegastar milli ára verður að staðla stærð talningasvæðanna. Eins og fuglaskoðarar vita, er dreifing fugla mjög misjöfn, og þess vegna er óæskilegt að telja suma hluta svæða stundum en ekki önnur ár. Þetta á einkum við, þar sem fjölskrúðugt fuglalíf er á þeim stöðum sem aðeins eru talin endrum og eins. Upplýsingum frá viðbótarstöðum, þar sem ekki er talið árlega, má ætíð halda sér. Í þessum talningum er í raun ekki þýðingarmest að sjá sem flestar tegundir, heldur að talningasvæði séu sambærileg milli ára. Við viljum ítreka við talningamenn, að þeir breyti ekki mörkum fyrri talningasvæða, nema hjá því verði ekki komist.

HEIMILDIR

- Arnþór Garðarsson & Kristinn H. Skarphéðinsson 1985. Veturseta álfatar á Íslandi. Bliki 4: 45-56.
- Gunnlaugur Pétursson & Erling Ólafsson 1989. Sjaldgæfir fuglar á Íslandi 1987. Bliki 8: 15-46.
- Náttúrufræðistofnun Íslands [1973a]. Fuglatalning 26.12.1972. Suðvesturland. Fjölrit. 5 bls.
- Náttúrufræðistofnun Íslands [1973b]. Fuglatalning 26.12.1972. Stöðvar utan Suðvesturlands. Fjölrit. 7 bls.
- Náttúrufræðistofnun Íslands [1974a]. Fuglatalning 30.12.1973. Suðvesturland. Fjölrit. 4 bls.
- Náttúrufræðistofnun Íslands [1974b]. Fuglatalning 30.12.1973. Talningastöðvar utan Suðvesturlands. Fjölrit. 4 bls.
- Náttúrufræðistofnun Íslands [1975a]. Fuglatalning 29.12.1974. Suðvesturland. Fjölrit. 4 bls.
- Náttúrufræðistofnun Íslands [1975b]. Fuglatalning 29.12.1974. Talningastöðvar utan Suðvesturlands. Fjölrit. 4 bls.

- Náttúrufræðistofnun Íslands [1976]. Fuglatalning 28.12.1975. Suðvesturland. Fjölrit. 4 bls.
- Náttúrufræðistofnun Íslands 1978a. Fuglatalning 28.12.1975. Talningastöðvar utan Suðvesturlands. Fjölrit. 5 bls.
- Náttúrufræðistofnun Íslands 1978b. Fuglatalning 26.12.1976. Suðvesturland. Fjölrit. 6 bls.
- Náttúrufræðistofnun Íslands 1978c. Fuglatalning 26.12.1976. Talningastöðvar utan Suðvesturlands. Fjölrit. 5 bls.
- Náttúrufræðistofnun Íslands 1978d. Fuglatalning 26.12.1977. Suðvesturland. Fjölrit. 5 bls.
- Náttúrufræðistofnun Íslands 1978e. Fuglatalning 26.12.1977. Talningastöðvar utan Suðvesturlands. Fjölrit. 5 bls.
- Náttúrufræðistofnun Íslands 1979. Fuglatalning 26.12.1978. Suðvesturland. Fjölrit. 4 bls.
- Whitfield, D.P., A.D. Evans & Jón Magnússon 1989. Fjöruspói finnst verpandi hérlendis. Bliki 8: 3-6.
- Ævar Petersen 1983. Fuglatalningar að vetrarlagi: Saga og árangur. Bliki 2: 28-42.
- Ævar Petersen 1984. Fuglanyjungar: Kynning á samstarfi dýrafræðideildar Náttúrufræðistofnunar og fuglaathuganamanna. Náttúrufr. 53(1-2): 73-82.

SUMMARY

The Icelandic Christmas Bird Counts: Some general points, and results for 1987

by Ævar Petersen and Gaukur Hjartarson

The 1987 annual Christmas Bird Count took place on 27. December, the 36th such count which is organized by the Icelandic Museum of Natural History. With the present report, the publication of Christmas Bird Count results is resumed, after a lapse of some 10 years. Earlier published reports cover the years 1972-1978 (the last year only in part), cf. Náttúrufræðistofnun Íslands [1973a]-1979. Results for 1978 to 1986, as well as 1988, are being processed.

The basic information from the count is presented in eight tables (Tabs 1-8). The page opposite each table contains a regional map corresponding to that table, as well as the respective area codes, locality names, and observers' names. A few areas were counted on other days than the 27th. If so, the date is mentioned specifically.

This time 82 routes were covered, which is a greater number than ever before during these Christmas Bird Counts.

The number of species recorded was 67, more than ever before. The number of birds involved was 135305. Anatids were 63232 of these (47%), waders 12453 (9%), gulls 35507 (26%), passerines 14630 (11%), while other bird groups represented the rest 9488 (7%).

The Eider *Somateria mollissima* was the single most common species by far, 44035 birds, constituting 33% of the total, followed by the Great Black-backed Gull *Larus marinus*, with 12554 birds, or 9%. The combined total number of birds of each species, is shown in Tab. 9. The Icelandic species name only is given in Tabs 1-8. Non-Icelandic readers, who wish to make use of the data, can do so by referring to Tab. 9 where the scientific name is given besides the Icelandic one.

VIÐAUKI

Skrá yfir svæði sem talin voru á árunum 1972-1987. - Areas censused in Christmas Bird Counts 1972-1987.

GRUNNSVÆÐI 0: Nær frá Þjórsá í suðri, vestur um land í miðjan Hvammsfjörð og út miðjan Breiðafjörð.

058. BRÚARÁ - DYNJANDI. Ármót við Hvítá að Dynjandi í Spóastaðalandi.

042. APAVATN OG LAUGARVATN. Vötnin og lækir þar í grennd.

003. SOGID. Ármót Sogs og Hvítár (Tannastaðir) að Steingrímsstöð.

003A. SOGID OG ÞINGVALLAVATN. Ármót Sogs og Hvítár (Tannastaðir) að Steingrímsstöð. Einnig Þingvallavatn austanvert að Vatnsvík.

055. SELFOSS. Götur og garðar í Selfossbæ, Ölfusá í bænum.

001. STOKKSEYRI. Bausstaðir að Hraunsá (Skerflóði).

002. STOKKSEYRI - EYRARBAKKI. Hafnargarður á Stokkseyri að hafnargarði á Eyrarbakka.

002A. EYRARBAKKI. Hraunsá (Skerflóð) að Ölfusárósi.

043. ÖLFUSFORIR. Varmá neðan þjóðveggar að ármótum við Hvítá. Opnur, Vatnatjörn og á úr henni, Þorleifslækur að Lambeyrum.

043A. ÖLFUSFORIR. Sama svæði og 043, að viðbættu svæði með Varmá ofan Suðurlandsveggar að Fagrahvammi og gördum í Hveragerði.

018. HVERAGERDI. Niður með læk frá Reykjum, trjagarðar í grenndinni og lundur við Hamarinn.

004. SELVOGUR. Herdísarvík að Strandakirkju, ásamt Hlíðarvatni.

004A. SELVOGUR. Herdísarvík að Nesi, ásamt Hlíðarvatni.

004B. SELVOGUR. Herdísarvík að Selvogsvita, ásamt Hlíðarvatni.

005. GRINDAVÍK AUSTUR. Aðalbryggja í Grindavík að Festarfjalli, um Hópsnes.
006. GRINDAVÍK VESTUR. Aðalbryggja í Grindavík að sjávertjörn vestan við Stað.
007. HAFNIR - KALMANSTJÖRN. Kotvogur að Dröngum. Vik sunnan Kalmanstjarnar er talin með fjarsjá.
- 008A. ÓSAR SUDUR. Kotvogur að Djúpavogi í Ósabotnum. Að mestu talið með fjarsjá.
- 008B. ÓSAR NORDUR. Djúpivogur í Ósabotnum að Stafnesi.
009. STAFNES - SANDGERÐI. Hafnargarður í Sandgerði að Stafnesi.
010. SANDGERÐI - GERÐAR. Hafnargarður í Sandgerði að höfn í Gerðum.
011. GERÐAR - KEFLAVÍK. Hafnargarður í Gerðum að steinbryggju vestast í Keflavík.
012. KEFLAVÍK - INNRI-NJARDVÍK. Steinbryggja í Keflavík að norðurmörkum Innri-Njarðvíkur.
034. VOGASTAPI. Talið með fjarsjá af ákveðnum stað.
013. VATNSLEYSUSTRÖND. Norðurendi Vogastapa að Kálfatjörn.
- 013A. VATNSLEYSUSTRÖND. Norðurendi Vogastapa að vita á Atlagerðistanga.
039. VATNSLEYSUSTRÖND. Kálfatjörn að Kúagerði.
037. KÚAGERÐI - STRAUMUR. Vestan við mynni Straumsvíkur að Kúagerði.
035. LÓNAKOT - STRAUMUR. Vestan við mynni Straumsvíkur að Lónakoti.
014. STRAUMUR - HVALEYRI. Straumsvík að Hvaleyrarholti.
057. GARDAR Í HAFNARFIRÐI. Kirkjugarður, Lækjabotnar, Hafnarfjarðarlækur og margar götur allt að Arnarhrauni.
015. HAFNARFJÖRDUR - ÁLFTANES. Höfnin, um Skógstjörn, að Akrakoti (Breiðabólstað).
- 015A. HAFNARFJÖRDUR - ÁLFTANES. Hvaleyrarlón, höfnin, Hliðsnes, Skógstjörn að Skógstjarnarósi.
016. ÁLFTANES. Breiðabólstaður að Kópavogslæk.
- 016A. ÁLFTANES. Hlið að Kópavogslæk.

- 016B. ÁLFTANES. Hlið, um Lambhúsatjörn, Gálgahraun að Arnarneslæk.
053. KÓPAVOGUR. Arnarneslækur, um Kópavog, Fossvog, Nauthólsvík að Suðurgötu vestan Skildinganess. Líka Skógræktin og Lundur.
- 053A. KÓPAVOGUR. Arnarneslækur, um Kópavog, Fossvog, Nauthólsvík að Suðurgötu vestan Skildinganess. Skógræktin og Lundur undanskilin.
- 053B. REYKJAVÍK. Skógrækt í Fossvogi. Labbað um allt svæðið, skoðað í skurði.
019. SELTJARNARNES. Grandi að Suðurgötu, um Örfirisey.
017. REYKJAVÍK. Garðar og götur austan við Tjörnina, Tjörninn, kirkjugarður við Suðurgötu og nálægar götur.
040. VÖTN Í NÁGRENNI REYKJAVÍKUR. Vífilstaðavatn og Urriðakotsvatn.
- 040A. VÖTN Í NÁGRENNI REYKJAVÍKUR. Elliðavatn (og nálæg vötn), Vífilstaðavatn og Urriðakotsvatn.
020. REYKJAVÍK. Mynni Grafarvogs að vestari hafnargarði (Granda), ásamt Örfirisey.
041. REYKJAVÍK. Viðey, strandlengja eyjarinnar.
021. REYKJAVÍK. Geldinganeseiði að Grafarlæk, um Gufunes. Upp með Grafarlæk og garðar við Keldur.
022. MOSFELLSBÆR. Geldinganeseiði að Köldukvísl, um Geldinganes.
- 022A. MOSFELLSBÆR. Geldinganeseiði, um Geldinganes, upp með Varmá að Þjóðvegi.
- 022B. MOSFELLSBÆR. Geldinganeseiði, um Geldinganes, upp með Varmá að brú ofan gömlu Álafosverksmiðjanna.
052. KOLLAFJÖRDUR. Gunnunes, norðurströnd Álfsness, Kollafjörður að Saltvík. Líka Mógilsá, fiskeldisstöð og lækir þar í grennd.
- 052A. KOLLAFJÖRDUR. Sjávarhólar á Kjalarnesi að Gunnunesi á Álfsnesi.
038. KJALARNES. Saltvík að Lambhúsum.
- 038A. KJALARNES. Saltvík að Bakka.
- 038B. KJALARNES. Hofsvík, frá Brimnesi í Nesvík.
025. HVALFJÖRDUR. Skerjasvæði út af Saurbæ. Síðan mestallt svæðið frá Eyri að Miðsandi. Smá hluti Hálsness verður útundan. Talið úr bíl frá ákveðnum útsýnisstöðum.

- 025A. HVALFJÖRDUR. Saurbær að Botnsá.
054. AKRANES. Viti á Breið með ströndinni að Innstavogsnesi.
056. MELASVEIT. Melaleiti að Belgsholtsnesi.
030. FRÓDÁRHREPPUR. Valdir staðir, Fróðarheiði ofan Geirakots, Vallnabjarg og út Fróðárrif.
032. STYKKISHÓLMUR. Höfn með ströndinni í Nesvogsbót, þvert yfir Grunnasundsnes að höfn aftur. Farinn hringur í Landey.
- 032A. STYKKISHÓLMUR. Höfn með ströndinni í Nesvogsbót, þvert yfir Grunnasundsnes að höfn aftur. Landey undanskilin.
- GRUNNSVÆDI 1: Nær frá miðjum Hvammsfirði og Breiðafirði, um Vestfirði, austur um Norðurland að háeggjum Tröllaskaga, vestan Siglufjarðar.
102. FREMRI-GUFUDALUR Í GUFUDALSSVEIT. Skóglendi í grennd bæjarins.
104. FLATEY Á BREIDAFIRDI. Hringur um eyjuna.
105. LAMBAVATN Á RAUDASANDI. Nágrenni bæjar og fjaran þar niður undan og Naustabrekku fjara.
- 105A. LAMBAVATN Á RAUDASANDI. Aðeins heima við bæ.
122. SKUTULSFJÖRDUR. Frá Hnifsdal að Úlfsá, um kaupstað.
107. ÆDEY Í ÍSAFJARDARDJÚPI. Hringur um eyjuna.
108. SKJALDFÖNN. Nágrenni bæjarins.
119. BJARNARFJÖRDUR. Ströndin milli Ásmundarstaða og Asparvíkur. Talið úr bíl.
109. SVANSHÓLL Í BJARNARFIRDI. Nágrenni bæjarins.
123. STEINGRÍMSFJÖRDUR. Frá Sandnesi að Grjótá.
118. MIDFJÖRDUR. Frá botni Miðfjarðar við Sanda með ströndinni að Heggstöðum.
112. HVAMMSTANGI. Vallnastapi að norðurmörkum þorps.
124. BLÖNDUÓS. Ós Blöndu að bryggju.
120. SAUDÁRKRÓKUR. Höfnin, um Borgarsand að vesturósi Héraðsvatna.

GRUNNSVÆÐI 2: Frá miðjum Tröllaskaga, vestan Siglufjarðar, að Bakkaflóa Langanesmegin suðvestur um hálendið norðan Vopnafjarðar um Jökulsá á Fjöllum stystu leið til Vatnajökuls.

201. SIGLUFJÖRDUR. Öldubrjótur (Selgil, bryggjur) að Máná.

237. SIGLUFJÖRDUR. Öldubrjótur (Selgil, bryggjur) að Helluhrygg (Selvíkur-nefsvita).

233. ÓLAFSFJÖRDUR. Ófærugjá að Kleifum.

233A. ÓLAFSFJÖRDUR. Ólafsfjarðarós að Rekabás.

238. UPSASTRÖND. Brimnesós að Sauðanesnaustum.

202. DALVÍK. Svarfaðardalsárósar að Brimnesá.

230. TJÖRN Í SVARFADARDAL. Fjallshlíðin ofan Tjarnar út fyrir Helgafell. Dalbotninn frá Tjörn út að Helgafelli og Hánefsstaðaskógur.

204. ÁRSKÓGSSTRÖND. Ós Svarfaðardalsár að Reitsvík, garður og skógarreitur við Stóru Hámundarstaði.

206. AKUREYRI. Krossanesbryggja að Skjaldarvíkurheimilinu.

207A. AKUREYRI. Krossanesbryggja að Glerárósi.

207. AKUREYRI. Krossanesbryggja að Oddeyri.

208. AKUREYRI. Oddeyri að Gróðrarstöð, ásamt andapólli.

208A. AKUREYRI. Glerárós að Samkomuhúsi (Leiruvegi) og garðar á Oddeyri

208B. AKUREYRI. Samkomuhús (Leiruvegur) að Flugvelli, Gróðrarstöð og garðar á Brekkunni, m.a. Lystigarður og Andapollur.

209. KAUPANGSSVEIT. Veigastaðir að Þverá.

213. HALLGILSSTADIR Í FNJÓSKADAL. Landareign Hallgilsstaða, þ.m.t. auð á sem fellur í Fnjóská og lítilsháttar skóglendi.

231. LJÓSAVATNSSKARD - BÁRDARDALUR. Valdir staðir frá Stórutjarnaskóla að Halldórsstöðum, m.a. við skólann, Lækjavelli og Halldórsstaði. Talið úr bíl.

240. HAFRALÆKUR Í ADALDAL. Nágrenni bæjar.

215. YTRA-FJALL Í ADALDAL. Heima við og milli bæja, reitur í Fjallshnjúk, lækir skammt frá túni.

215A. YTRA-FJALL Í ADALDAL. Heima við og milli bæja, reitur í Fjallshnjúk, lækir við bæinn. Einnig farið að Austurhaga og Daufhyl.

236. HALLDÓRSSTADIR Í BÁRDARDAL. Milli Skjálfandafljóts og fjallsrótur frá Halldórsstöðum suður fyrir Halldórsstaðaskóg. Talið af snjósleða.
239. LAUGABÓL Í REYKJADAL. Láglandi frá bæ norður fyrir Laugaskóla.
- 239A. LAUGABÓL Í REYKJADAL. Láglandi frá bæ norður fyrir Laugaskóla. Auk þess að skreiðarhúsum Stokkfisks vestan Reykjadalárs.
- 239B. LAUGABÓL Í REYKJADAL. Aðeins heima við.
219. HOFSSTADIR Í LAXÁRDAL. Bær upp með Laxá að austan að Breiðu.
220. MÝVATN AUSTUR. Eyður frá Reykjahlíð að Kálfaströnd.
243. MÝVATN AUSTUR. Kálfaströnd að Arngarðshólum. Einnig Grænilækur.
- 221A. SÍLALÆKUR Í ADALDAL. Bær til sjávar, miður Sjávarsandur að Hellisflös.
- 221B. SÍLALÆKUR Í ADALDAL. Bær til sjávar, miður Sjávarsandur vestur að hinum nýja ósi Skjálfandafljóts (sem var grafinn 1986).
232. HÚSAVÍK SUÐUR. Æðarfossar að Húsavík, einnig bærinn.
- 232A. HÚSAVÍK SUÐUR. Æðarfossar að Gjáarnefi.
- 232B. HÚSAVÍKURBÆR. Gjáarnef að nyrðri hafnargarði.
223. HÚSAVÍK NORDUR. Nyrðri hafnargarður að Reyðará.
226. TJÖRNES. Reyðará að Reká.
224. TJÖRNES. Reká að Hólsskeri.
234. TJÖRNES. Hólssker að Máfhöfða.
235. TJÖRNES. Valdir staðir frá Máfhöfða að Lóni. Talið úr bíl.
241. LÓN Í KELDUHVERFI. Bæði Ytri- og Innri-Lón. Talið með fjarsjá.
242. VÍKINGAVATN Í KELDUHVERFI. Vök neðan bæja.

GRUNNSVÆDI 3: Norðurmörk eru um hálendið norðan Vopnafjarðar, stystu leið til Vatnajökuls, að hluta um Jökulsá á Fjöllum, en suðurmörk eru um Lónsheiði í Krossanes.

302. ÞORVALDSSTADIR VESTUR. Miðfjarðará í Lagnesvík að Þorvaldsstaðalæk.

303. ÞORVALDSSTAÐIR AUSTUR. Þorvaldsstaðalækur að Klifsvík við Skeggjastaði (Stapaá).

306. MERKI Á JÖKULDAL. Nágrenni bæjar, m.a. að Treglugili og brú yfir Jökulsá.

307. EGILSSTAÐIR OG NÁGRENNI. Bærinn (garðar og skurðir), Eyvindará frá brú að ósi, Lagarfljót um 1 km utan og innan Lagarfljótsbrúar.

304. SEYDISFJÖRDUR. Vestdalseyri, um kaupstað, inn að Fjarðarseli og út að Ölfueyri.

304F. SEYDISFJÖRDUR. Kaupstaðurinn eingöngu.

309. ESKIFJÖRDUR. Helgustaðir að Hólmum. Talið úr bíl.

309A. REYDARFJÖRDUR. Helgustaðir að botni Reyðarfjarðar. Talið úr bíl.

308. BERUFJÖRDUR. Svarthamarslækur að Leynistanga.

313. BERUFJÖRDUR. Berufjarðarárós að Glímueyri. Talið úr bíl. [Þessu svæði er skipt í þrjú undirsvæði, sem hvert um sig er heppilega stórt til talningar á göngu: 313A. Berufjarðarárós að Leynistanga. 313B. Leynistangi að Bálkagili. 313C. Bálkagil að Glímueyri].

310. BERUFJÖRDUR. Eyfreyjunestangi að Sandbrekkutanga.

311. DJÚPIVOGUR. Með Hálssum milli Merkis og Rakkabergs, ásamt skógrækt og kirkjugarði.

311A. DJÚPIVOGUR. Skógrækt eingöngu.

312. HAMARSFJÖRDUR NORDUR. Hamarsá að Búlandshöfn. Talið úr bíl.

305. BREIDDALSVÍK SUDUR. Streitishvarf að Ósi.

GRUNNSVÆÐI 4: Nær frá Lónsheiði að austan, um Skaftafellssýslur og Suðurland, ásamt Vestmannaeyjum, að Þjórsá sem vesturmörkum.

401A. EYSTRAHORN. Brunnhorn-Hafnartangi.

401. HORNAFJÖRDUR. Brunnhorn að Hafnartanga, Stokksnes, Skarðsfjörður, Höfn, innsigling milli Óslands og Austurfjara, ós að Mikley. Að hluta talið úr bíl.

411. SKARÐSFJÖRDUR. Horn, Skarðsfjörður, höfnin og innsigling. Stokksnes undanskilið. Talið úr bíl.

401B. HÖFN Í HORNAFIRDI. Höfnin, innsigling milli Óslands og Austurfjara, Hornafjarðarós að Mikley.

407. NESJAR OG MÝRAR Í HORNAFIRDI. Valdir staðir, Borg, Stóralág að Þveit, Krossbær, Viðborðssel, Fljót að Baulutjörn, garðar við Bjarnanes og Hóla.
410. SUDURSVEIT. Jökulsá á Breiðamerkursandi að Hala.
408. REYNIVELLIR Í SUDURSVEIT. Nágrenni bæjarins.
402. KVÍSKER Í ÖRÆFUM. Heima við og ströndin milli Síkis og Fjallsáróss.
- 402B. KVÍSKER Í ÖRÆFUM. Lækir frá bæ, þar til 1 km að sjó.
- 402D. KVÍSKER Í ÖRÆFUM. Skógarhlíð vestur af bænum, að lindum innst í Litlumýri.
409. SKAFTAFELL Í ÖRÆFUM. Jaðar Skaftafellsheiðar, frá Skaftafellsjökli að Morsárjökli, skiptist í Austurbrekkur, Vesturbrekkur, Heimabrekkur og Skorar.
- 409A. SKAFTAFELL Í ÖRÆFUM. Austurbrekkur.
415. SKEIDARÁRSANDUR. Skeiðarárbrú um Skeiðarársand og um 10 km af Skaftafellsfjörum. Talið úr bíl.
404. SKAMMADALSHÓLL Í MÝRDAL. Nágrenni bæjarins, m.a. meðfram Deildará og í Deildarárgili.
405. SKÓGAR UNDIR EYJAFJÖLLUM. Skógafoss að Kvernugili. Næsta nágrenni skólans og félagsbús. Trjáræktarbrekkur.
- 406V. HEIMAEY VESTUR. Vesturströndin, frá Kaplagjótu að Vík (Stórhöfða).
- 406M. HEIMAEY MIÐ. Miðbik eyjar, frá Eiði að og með Stórhöfða.
- 406K. HEIMAEY: KAUPSTAÐUR. Eingöngu bærinn og hafnarsvæðið út í Eiði.
- 406G. HEIMAEY AUSTUR. Austurströndin, frá kaupstað að Brimurð.
- 406F. HEIMAEY AUSTUR. Austurströndin, frá kaupstað að Brimurð. Einnig Lyngfellsdalur og vestan Helgafells.
- 406A. HEIMAEY: NÝJA HRAUN. Austurströndin eftir gos (1973), kaupstaður að enda A-V flugbrautar, austan Eldfells.
- 406S. HEIMAEY: STAKKABÓT. Frá enda A-V flugbrautar, með Sæfelli og Brimurð að Garðsenda. Einnig kinnin vestan í Sæfelli.